

**Útboðslýsing
-útdráttur**

Verðbréfasjóður ÍV

27. janúar 2009

Ábyrgð á útdrætti úr útboðslýsingu

Yfirlýsing útgefanda

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir að þessi útdráttur úr útboðslýsingu er eftir bestu vitund, í fullu samræmi staðreyndir og engu mikilvægu atriði er sleppt, er gæti haft áhrif á mat á Verðbréfasjóði ÍV sem lýst er í útboðslýsingunni og hlutdeildarskírteinum í honum.

Akureyri 27. janúar 2009

f.h. stjórnar Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Sævar Helgason, kt.020773-5109
Formaður stjórnar

Ólafur Rúnar Ólafsson, kt. 100575-4349
Stjórnarmaður

Jóhannes Jónsson, kt.310840-3009
Stjórnarmaður

f.h. Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Jón Helgi Pétursson, kt.270274-4989
Framkvæmdastjóri

Útdráttur úr útboðslýsingu fyrir Verðbréfasjóð ÍV

Meginatriði

1. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. II. kafla A í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sem verðbréfasjóður hefur sjóðurinn starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Þrátt fyrir þetta er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Að öðru leyti skal fara eftir takmörkum þeim sem koma fram í lögum nr. 30/2003 í II. kafla F. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Rekstrarfélaginu er þó ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður við rekstur deilda sjóðsins. Sjá nánar viðauka með útboðslýsingu sem inniheldur II.kafla F í lögum nr. 30/2003. Verðbréfasjóður ÍV hóf rekstur í maí 2002. Hann starfar í sjálfstæðum sjóðsdeildum sem hafa sérstakan fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Sjóðsdeildir í janúar 2009 eru:
 - Ríkisskuldabréfasjóður ÍV
 - Skuldabréfasjóður ÍV(er í slitiferli)
3. Hver sjóðsdeild er aðgreind sérstaklega í bókhaldi. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV annast rekstur Verðbréfasjóðs ÍV. Félagið hefur aðsetur og aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Strandgötu 3 á Akureyri.
4. Vörslufyrirtæki sjóðsins sem skal sjá um umsjá og varðveislu fjármálagerna hans er Íslensk verðbréf, að Strandgötu 3, 600 Akureyri.
5. Löggiltir endurskoðendur Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. er KPMG endurskoðun Akureyri hf og fyrir þeirra hönd Arnar Árnason, lögg. endurskoðandi.
6. Hluthafar Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. eru tveir, Íslensk verðbréf hf, kt. 610587-1519, og Tækifæri hf., kt. 631299-2299. Eignarhlutur Íslenskra verðbréfa hf. er 99,75% og Tækifæris hf. 0,25%.
7. Útvistuð verkefni. Með heimild í 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. gert samning við Íslensk verðbréf hf. um að félagið annist eftirfarandi verkefni fyrir hönd rekstrarfélagsins:
 - Bókhaldsþjónusta
 - Þjónusta við viðskiptavini
 - Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
 - Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
 - Sölu og markaðssetningu
 - Uppgjöri viðskipta
 - Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti

- Regluvörslu

Fjárfestingar

Markmið með rekstri Verðbréfasjóðs ÍV er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingu í verðbréfum. Sjóðsdeildirnar veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna deilda sjóðsins lýtur II. kafla F í lögum nr. 30/2003 og sjá má hér á eftir. Rekstrarfélaginu er þó ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður við rekstur deilda sjóðsins (Viðkomandi lög má finna í viðauka með útboðslýsingu).

Almenn varnaðarorð til fjárfesta

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Nánari umfjöllun um áhættu samfara fjárfestingu í einstökum sjóðsdeildum er að finna í útboðslýsingunni.

Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað

Fjárfesting í verðbréfasafni felur í sér áhættudreifingu og er áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Verðmæti skuldabréfa er m.a. háð þróun markaðsvaxta, verðbólgu sem og framboði og eftirspurn. Breytingar á ávöxtunarkröfu hafa meiri áhrif á verð skuldabréfa með langan líftíma en verð skuldabréfa með stuttan líftíma. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og eru því áhættumeiri en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma.

Ávöxtun í fortíð er engin trygging fyrir hver ávöxtun einstakra deilda í Verðbréfasjóði ÍV verður í framtíð.

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV

Sjóðsdeildin, ávaxtar fé með kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum/víxlum. Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestinga allt að 100% af eignum sínum í ríkistryggðum verðbréfum styðst við 37. gr. laga nr. 30/2003.

Fjárfestingastefna sjóðsdeildarinnar er skýr því einungis er fjárfest í ríkistryggðum¹ verðbréfum og er meðallíftími eigna sjóðsdeildarinnar við útgáfu þessarar útboðslýsingar 9,41 ár. Bréfin eru ýmist útgefin af eða með ábyrgð. Meðallíftími eigna sjóðsdeildarinnar kann að sveiflast frá 6-12 árum eftir mati sjóðstjóra á markaðshorfum hverju sinni.

Fjárfesting í verðbréfasjóði felur ávallt í sér einhverja áhættu og felst hún í eftirfarandi varðandi Ríkisskuldabréfasjóð ÍV:

- Markaðsáhætta (breyting á gengi skuldabréfa).
- Uppgjörsáhætta.
- Vörsluáhætta.
- Aðrir almennir áhættuþættir geta verið fyrir hendi, s.s. skortur á vissu um að ytri aðstæður verði óbreyttar til framtíðar (t.d. stöðugleiki í stjórnámálum og skattakerfi), frammistöðuáhætta (t.d. breytileiki áhættustigs eigna og ábyrgða þeim tendum) og verðbólguáhætta (sem fer m.a. eftir verðtryggingarhlutfalli eignasafnsins).
- Samþjöppun áhættu vegna tiltölulega þröngs eignaflokks.
- Önnur áhætta er óveruleg, en getur þó verið fyrir hendi.

Frekari lýsingu á mögulegri áhættu samfara fjárfestingu í sjóðsdeildinni er að finna í útboðslýsingunni.

Fjárfestar ættu að gera sér grein fyrir því að virði fjárfestingar í sjóðsdeildinni getur lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.

Vegna þess hve gengi sjóðsdeildarinnar sveiflast í takt við breytingar á ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði er hún einkum ætluð fjárfestum sem hyggja á fjárfestingu til a.m.k. 3-5 ára. Einnig hentar sjóðsdeildin fjárfestum sem vilja lágmarka skuldaráhættu, þar sem eignir hennar eru ríkistryggðar.

Fjárfesting í Ríkisskuldabréfssjóði ÍV hentar jafnt einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja ná dreifingu verðbréfaeignar með því að fjárfesta á skuldabréfamarkaði án þess að þurfa að fylgjast með gjaldkögum vaxta og afborgana, útdrætti húsbreifa og lokagjalddögum einstakra skuldabréfa. Arður eða annar hagnaður af verðbréfum í eigu Ríkisskuldabréfssjóðs ÍV skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu deildarinnar.

¹ Lánshæfiseinkunn skv. Standard & Poor's sbr. tilkynningur Seðlabanka Íslands dags. 24.11.2008 er A-2/BBB+.

Eignum sjóðsdeildarinnar er stýrt með langtímaarðsemi að leiðarljósi. Eignasafninu er ekki ætlað að endurspegla útgefnar vísitölur.

Ávöxtun Ríkisskuldabréfasjóðs ÍV

Nafnávöxtun² Ríkisskuldabréfasjóðs ÍV á ári 2003 til 2008 er að finna í meðfylgjandi töflu.

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	
Ár	Nafnávöxtun
2003	12,08%
2004	15,26%
2005	2,88%
2006	7,97%
2007	3,69%
2008	25,48%

Áskriftar og innlausnargjöld eru ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðs.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs fyrir liðið reikningsár. HKH hlutfall sjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu.

Heildarkostnaðarhlutfall Ríkisskuldabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2008 er 1,01%.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta veltuhlutfall sjóðs fyrir liðið reikningsár. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á staðlaðan hátt sbr. nánar í útboðslýsingu sjóðsins:

Veltuhlutfall Ríkisskuldabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2008 er 392,1%

² Nafnávöxtun segir til um ávöxtun í krónum talið en raunávöxtun er ávöxtun að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Skuldabréfsjóður ÍV

Markmið með rekstri Skuldabréfasjóðs ÍV er að ná góðri ávöxtun og dreifingu verðbréfaeignar með því að fjárfesta í ríkis- og bankatryggðum skuldabréfum/víxlum, skuldabréfum sveitarfélaga og skuldabréfum traustra fyrirtækja. Heimilt er að fjárfesta í skuldabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands en útgefin af erlendum aðilum. Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestinga allt að 80% af eignum sínum í ríkistryggðum verðbréfum styðst við 37. gr. laga nr. 30/2003.

Sjóðsdeildin stefnir að því að a.m.k. helmingur fjárfestinga skuli vera í skuldabréfum fyrirtækja. Síðan mun sjóðsdeildin fjárfesta í ríkistryggðum skuldabréfum sem og skuldabréfum sveitafélaga, fjármálafyrirtækja og óskráðum verðbréfum. Meðallíftími fjárfestinga deildarinnar við útgáfu þessarar útboðslýsingar er 4,01 ár og er stefnt að því að líftíminn muni að jafnaði vera á bilinu 4-7 ár.

Fjárfestar ættu að gera sér grein fyrir því að virði fjárfestingar í sjóðsdeildinni getur lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.

Fjárfesting í verðbréfasjóði felur ávallt í sér einhverja áhættu og felst hún í eftirfarandi varðandi Peningamarkaðssjóð ÍV:

- Markaðsáhætta (breyting á gengi skuldabréfa).
- Greiðsluáhætta.
- Uppgjörsáhætta.
- Lausafjárahætta.
- Vörsluáhætta.
- Aðrir almennir áhættuþættir geta verið fyrir hendi, s.s. skortur á vissu um að ytri aðstæður verði óbreyttar til framtíðar (t.d. stöðugleiki í stjórnámálum og skattakerfi), frammistöðuáhætta (t.d. breytileiki áhættustigs eigna og ábyrgða þeim tendum) og verðbólguáhætta (sem fer m.a. eftir verðtryggingarhlutfalli eignasafnsins).
- Áhætta samfara samþjöppun í eignarhaldi.
- Önnur áhætta er óveruleg, en getur þó verið fyrir hendi.

Frekari lýsingu á mögulegri áhættu samfara fjárfestingu í sjóðsdeildinni er að finna í útboðslýsingunni.

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum í upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddi m.a. til setningar laga 125/2008, hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. ákveðið í samræmi við tilmæli stjórnar Fjármálaeftirlitsins að grípa til aðgerða sem leiða til slita á sjóðsdeildinni Skuldabréfasjóður ÍV.

Engar innlausnir verða úr sjóðsdeildinni Skuldabréfasjóður ÍV. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. mun að eigin frumkvæði greiða inn á innlánsreikninga allra hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við hlutfallslega eign þeirra eftir því sem eignir fást greiddar uns engar eignir eru eftir í eignasafni sjóðsins.

Markmiðið með þessari aðgerð er að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa á þann hátt að allir hlutdeildarskírteinishafar fái greitt hlutfallslega úr sjóðsdeildinni í samræmi við eign sína.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2003.

Sjóðsdeildinni Skuldabréfsjóður ÍV verður slitið þegar engar eignir eru eftir í eignasafni.

Ákvörðun um slit verður tekin af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðsdeildinni. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna.

Samruni sjóðsdeildarinnar við aðra sjóði er óheimill.

Skuldabréfasjóður ÍV er sjóður, sem ávaxtar fé með kaupum á eftirfarandi flokkum verðbréfa:

- a) ríkistryggð verðbréf, 0 - 80%
- b) verðbréf sveitarfélaga, 0 - 40%
- c) verðbréf fjármálafyrirtækja, 0 - 50%
- d) verðbréf fyrirtækja, 0 - 90%
- e) óskráð verðbréf, 0 - 10%

Ávöxtun Skuldabréfasjóðs ÍV

Nafnávöxtun³ Skuldabréfasjóðs ÍV á ári 2003 til 2008 er að finna í meðfylgjandi töflu.

Skuldabréfasjóður ÍV	
Ár	Nafnávöxtun
2003	10,21%
2004	9,69%
2005	8,91%
2006	5,31%
2007	4,84%
2008	4,88%

Áskriftar og innlausnargjöld eru ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðs.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs fyrir liðið reikningsár. HKH hlutfall sjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu.

³ Nafnávöxtun segir til um ávöxtun í krónum talið en raunávöxtun er ávöxtun að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Heildarkostnaðarlutfall Skuldabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2008 er 1,01%.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta veltuhlutfall sjóðs fyrir liðið reikningsár. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á staðlaðan hátt sbr. nánar í útboðslýsingu sjóðsins:

Veltuhlutfall Skuldabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2008 er 115,8%

Viðskiptaupplýsingar

1. Gefin eru út sérstök verðbréf í formi hlutdeildarskírteina, óski kaupendur eftir slíku skírteini við kaup í sjóðnum, að öðrum kosti gildir kvittun fyrir kaupum sem staðfesting á eignarhlut. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum í Verðbréfasjóði ÍV, eiga sama rétt til tekna og eigna deildarinnar í hlutfalli við eign sína, og eru skírteinin eða kvittanirnar staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar.
2. Rekstrarfélag sjóðsins, Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. selur og innleysir (kaupir) hlutdeildarskírteini sjóðsins á daglegu gengi.
3. Viðskipti með sjóðina eru framkvæmd með seinkun. Í Ríkisskuldabréfasjóði ÍV fara viðskipti fram daginn eftir (t+1). Rekstrarfélagið hefur samið við Íslensk verðbréf hf. um að fyrirtækið sjái um viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrir sjóðinn, sjái um miðlun fyrir sjóðinn og hafi með höndum umsjón og vörslu verðbréfa sjóðsins. Með hliðsjón af 17. og 18. gr. laga 30/2003 getur rekstrarfélagið einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum, verðbréfafyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum að fengnu samþykki FME.
4. Fjárfestar greiða 10% fjármagnstekjuskatt af gengishagnaði, samkvæmt lögum nr. 94/1996. Fjárfestum ber að taka tillit til og gæta að því að frekari skattlagning kann að eiga við einstaka fjárfesta t.d. erlenda með hliðsjón af þeim reglum sem gilda hverju sinni. Sé fjárfestir óviss um stöðu sína þá er honum ráðlagt að leita faglegrar ráðgjafar eða upplýsinga. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti vegna viðskipta með hluti í Verðbréfasjóði ÍV, samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann reiknast þegar einingar eru seldar með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af einingunum.
5. Verðbréfasjóður ÍV greiðir Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. eftirfarandi þóknunir fyrir umsýslu og reiknast gjaldið af heildarmarkaðsverði sjóðsins á hverjum tíma, á ári:
 - Ríkisskuldabréfasjóður ÍV – 1,0% umsýsluþóknun
 - Skuldabréfasjóður ÍV - 1,0% umsýsluþóknun
 - Umsýsluþóknunina skal Verðbréfasjóður ÍV greiða mánaðarlega og er hún reiknuð af markaðsverði hvernar sjóðsdeildar í mánaðarlok.
 - Ekki eru innheimt önnur gjöld af eignum sjóðsins.

Athugið:

- 15% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsverðmæti eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 500 milljónir.
- 25% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsverðmæti eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 1.000 milljónir.

Sölupóknun er:

- 1,00% af Ríkisskuldabréfasjóði ÍV

Sölupóknunin skal koma fram í mismun á kaup- og sölugengi bréfa í sjóðnum.

Athugið:

- 50% afsláttur er veittur af sölubókun ef einstakar fjárfestingar einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 100 milljónir.

Auk þess greiðir Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. Íslenskum verðbréfum hf. bókun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Verðbréfasjóð ÍV. Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Verðbréfasjóð ÍV, s.s. vegna endurskoðunar, auglýsingar o.s.frv. skal greiddur af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf..

Viðbótarupplýsingar

- Lágmarksfjárfesting í sjóðsdeildum Verðbréfasjóði ÍV er kr. 500.
- Boðið eru upp á að fjárfesta í áskrift.
- Um Verðbréfasjóð ÍV gilda íslensk lög rísi upp einhver ágreiningur.
- Útboðslýsing þessi er gefinn út 21. nóvember 2005.
- Fjármálaeftirlitið er lögbær eftirlitsaðili sjóðsins.
- Nálágast má útboðslýsingu, ársreikning og árshlutareikning endurgjaldslaust fyrir og eftir sammingsgerð sé þess óskað hjá Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf., Strandgötu 3, 600 Akureyri. Ennfremur eru upplýsingar um sjóðina, s.s gengi o.fl. birtar á heimasíðu Íslenskra verðbréfa hf., www.iv.is. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri félagsins, Jón Helgi Pétursson síma 460 4700.